

Efnisyfirlit

STJÓRN BLÍ	3
NEFNDIR BLÍ	3
FJÖLDI BLAKIÐKENDA FRÁ 1969 OG FULLTRÚAR Á BLAKÞINGI ÁRIÐ 2007	4
DAGSKRÁ	5
SKÝRSLA STJÓRNAR BLÍ 2006-2007	6
STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN	6
MÓTA- OG DÓMARAMÁL	6
BLAKMAÐUR OG KONA ÁRSINS 2006	7
FJÖLMÍÐLAR OG SAMSKIPTI	8
ERLEND SAMSKIPTI	8
FJÁRMÁL	9
FRAMTÍÐIN	9
SKÝRSLA MÓTANEFNDAR BLÍ	9
HAUSTMÓT BLÍ	9
1. DEILD KVENNA	9
ÚRSLITAKEPPNI KVENNA	10
1. DEILD KARLA	10
ÚRSLITAKEPPNI KARLA	10
2. DEILD KARLA SUÐUR	11
2. DEILD KARLA AUSTUR	11
2. DEILD KVENNA SUÐUR A	11
2. DEILD KVENNA SUÐUR B	12
2. DEILD KVENNA AUSTUR	12
ÚRSLITAKEPPNI Í 2. DEILD KARLA	12
ÚRSLITAKEPPNI Í 2. DEILD KVENNA	13
BROSBIKARINN 2007	13
SKÝRSLA STRANDBLAKSNEFNDAR BLÍ	14
MÓT 1	14
MÓT 2	14
MÓT 3	15
ÞINGGERÐ ÖLDUNGAÞINGS 2007	16
SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR BLÍ	17
SKÝRSLA UNGLINGALANDSLIÐSNEFNDAR BLÍ	19

UNDIRBÚNINGUR	19
FERÐIRNAR	20
LOKAORÐ	21
SKÝRSLA LANDSLIDSNEFNDAR BLÍ	22
EVROPUKEPPNI SMÁÐJÓÐA – KARLAR Á N. ÍRLANDI	22
ÞJÁLFAVARARÁÐNINGAR	22
NOVOTEL CUP	23
FJÁRÖFLUNARLEIÐIR	23
VERKEFNIN FRAMUNDAN	23
FRAMTÍÐIN	24
SKÝRSLA YNGRIFLOKKANEFND BLÍ	24
NÁMSKEIÐ Í KRAKKABLAKI	24
ÚTBREIÐSLUSTARF	24
ÍSLANDSMÓT BLÍ	25
REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT YNGRIFLOKKA	26
HÆFILEIKABÚÐIR BLÍ	27
FRAMTÍÐ	27
ÁRSREIKNINGUR 2006	29
VIÐAUKAR	35
ÚRSLIT ÚR EVROPUKEPPNI SMÁÐJÓÐA Í BLAKI KARLA – UNÐANRÍÐILL Á N. ÍRLANDI.	35
ÚRSLIT ÚR U19 ÁRA MÓTINU Í ÍKAST Í DANMÖRKU Í BYRJUN SEPTEMBER 2006.	35
ÚRSLIT ÚR LEIKJUM ÍSLANDS Í NEVZA CHAMPIONSHIPS U17 Í FALKÖPING, SVÍÐJÓÐ	36
ÚRSLIT LEIKJA VETURINN 2006-2007	37
BROSBÍKAR 2007 - ÚRSLIT	46
ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILD	46
ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILD KARLA	46
DÓMARAR LEIKTÍMABILÍÐ 2006-2007	47
STAÐA SPJALDA EFTIR KEPPNISTÍMABILÍÐ 2006 - 2007	48

Blaksamband Íslands

2006-2007

Stjórn BLÍ

Formaður	Jason Ívarsson
Varaformaður	Stefán Jóhannesson
Gjaldkeri	Óskar Hauksson
Ritari	Ástríður Valbjörnsdóttir
Meðstjórnandi	Jón Ólafur Valdimarsson

Varastjórn	Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir
	Harald Ísaksen
	María Indriðadóttir

Framkvæmdastjóri	Sævar Már Guðmundsson
------------------	-----------------------

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Sævar Már Guðmundsson, formaður
Jón Ólafur Valdimarsson
Ólafur Sigurðsson

Landsliðsnefnd

Stefán Jóhannesson, formaður
Óskar Hauksson
Ingibjörg Gunnarsdóttir (úr nefnd í des)
Jóhann Sigurðsson (úr nefnd í mars)

Dómaranefnd

Jón Ólafur Valdimarsson, formaður
Sævar Már Guðmundsson

Yngriflokkanefnd

Sigurður Arnar Ólafsson, formaður
Miglena Apostolova (úr nefnd í janúar)
Baldur Tumi Baldursson
Guðrún Kristín Einarsdóttir
Viðar Gylfason

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Strandblaksnefnd

Karl Sigurðsson
Einar Sigurðsson
Brynjar Pétursson

Aganefnd

Hreggviður Nordahl
Jón Gunnar Sveinsson
Þorvaldur Sigurðsson

Fjölmiðlafulltrúi

Stefán Jóhannesson

Unglingalandsliðsnefnd

Ásta Sigrún Gylfadóttir, formaður
Jón Ólafur Valdimarsson
Auður Hauksdóttir
Vilborg Lilja Stefánsdóttir
Sigurður Arnar Ólafsson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2007

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1979	2567	1989	2869	1999	1662
1970	237	1980	2579	1990	2718	2000	1862
1971	479	1981	2513	1991	2567	2001	1345
1972	649	1982	2519	1992	2200	2002	1786
1973	855	1983	2426	1993	2074	2003	1981
1974	1334	1984	2362	1994	1848	2004	1830
1975	1609	1985	2362	1995	1961	2005	1624
1976	1974	1986	2775	1996	1592	2006	1827
1977	2257	1987	2955	1997	1592		
1978	2501	1988	2906	1998	1217		

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/liða
Íþróttabandalag Reykjavíkur	ÍBR	406	11	3
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	172	6	
Héraðssamband S.-Þingeyinga	HSP	62	3	
Ungmenna og Íþróttasamband Austurlands	UÍA	255	8	1
Íþróttabandalag Akureyrar	ÍBA	147	5	2
Ungmennasamband Kjalarnesþings	UMSK	359	10	3
Ungmennasamband N.-Þingeyinga	UNÞ	0	0	
Íþróttabandalag Siglfirðinga	ÍBS	29	2	
Ungmennasamband A.-Húnavetninga	USAH	0	0	
Ungmennasamband V.-Skaftfellinga	USVS	0	0	
Íþróttabandalag Suðurnesja	ÍS	0	0	
Héraðssamband Snæf.- og Hnappalss.	HSH	122	5	
Ungmennasamband V.-Húnavetninga	USVH	0	0	
Íþróttabandalag Akraness	ÍA	51	3	
Íþróttabandalag Keflavíkur	ÍBK	0	0	
Ungmennasamband Borgarfjarðar	UMSB	18	0	
Héraðssamband Strandamanna	HSS	0	0	
Ungmennasamband Dalamanna og N.-Br.fj.	UDN	0	0	
Ungm.- og íþróttasamband Ólafsfjarðar	UÍÓ	0	0	
Héraðssamband Vestfirðinga	HSV	17	0	
Ungmennasamband Skagfirðinga	UMSS	0	0	
Ungmennasamband Eyjafjarðar	UMSE	15	0	
Ungmennasambandið Úlfjótur	USÚ	142	5	
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	ÍBH	0	0	
Íþróttabandalag Vestmannaeyja	ÍBV	0	0	
Héraðssambandið Hrafn-Flóki	HHF	32	2	
Héraðssamband Bolungarvíkur	HSB	0	0	
Samtals		1827	60	9

Dagskrá

35. ársþings BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, laugardaginn 5. maí 2007, kl. 09.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning kjörbréfanefndar
3. Kosning í starfsnefndir þingsins;

- a) Kjörbréfanefnd,
- b) Fjárhagsnefnd,
- c) Laga- og leikreglnanefnd,
- d) Allsherjarnefnd,
- e) Uppstillingarnefnd

4. Skýrsla stjórnar
5. Reikningar síðasta starfsárs
6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
7. Ávarp annarra boðsgesta
8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
9. Laga- og leikreglnabreytingar
10. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
11. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé

12. Nefndarstörf
13. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
14. Ákveðið gjald ævifélaga
15. Önnur mál
16. Kosningar;
 - a) kosning formanns BLÍ til tveggja ára,
 - b) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - c) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - d) tveggja endurskoðenda.

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2006-2007

Stjórn og framkvæmdastjórn

Á síðasta ársþingi voru Ástríður Valbjörnsdóttir og Stefán Jóhannesson kosin ný inn í stjórn. Verkaskipting stjórnar var ákveðin á fyrsta fundinum þann 31. ágúst 2006. Stefán Jóhannesson tók sæti varaformanns, Óskar Hauksson gjaldkeri, Ástríður S. Valbjörnsdóttir ritari og Jón Ólafur Valdimarsson meðstjórnandi.

Á starfsárinu voru haldnir 6 stjórnarfundir en töluvert var um samskipti í gegnum tölvupóst. Stjórn BLÍ endurnýjaði ráðningu Sævars Más Guðmundssonar sem framkvæmdastjóra BLÍ.

Formenn nefnda BLÍ fyrir starfsárið voru staðfestir á fyrsta fundinum. Sigurður Arnar Ólafsson stýrði áfram yngriflokkanefnd, Jón Ólafur Valdimarsson formaður dómarnefndar, Sævar Már formaður mótanefndar, Stefán Jóhannesson formaður landsliðsnefndar, Karl Sigurðsson formaður strandblaksnefndar. Ný nefnd var sett á stofn fyrir unglingalandsliðin. Ásta Sigrún Gylfadóttir stýrir unglingalandsliðsnefnd BLÍ fyrir næstu verkefni.

Móta- og dómaramál

Veturinn 2006-2007 gekk nokkuð vel hvað varðar mótahald. Í 1. deild karla voru 5 lið skráð til keppni; Stjarnan, HK, ÍS, Þróttur R. og KA. Í 1. deild kvenna voru 4 lið skráð til keppni; Þróttur R., Þróttur N., HK og KA. Alls voru 64 leikir í deild karla og kvenna auk úrslitakeppni sem taldi alls 12 leiki.

Deildarmeistarar í 1. deild karla var Stjarnan en liðið vann alla sína leiki í deildinni og hafði tryggt sér titilinn löngu áður en keppni lauk. Stjörnumenn enduðu með 48 stig og töpuðu aðeins 6 hrinum. Deildarmeistarar í 1. deild kvenna var Þróttur Reykjavík en þær tryggðu sér deildarmeistaratitilinn með því að vinna síðasta leikinn sinn í deildinni gegn KA. Þróttur R. tapaði aðeins tveimur leikjum í deildinni í vetur, báðum leikjunum á heimavelli Þróttar Nes. Þróttur Reykjavík endaði með 31 stig og töpuðu aðeins 7 hrinum en Þróttur Nes var í öðru sæti með 29 stig.

Stjarnan lék við HK til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í blaki karla. Stjarnan hafði unnið ÍS í undanúrslitum í tveimur leikjum og HK hafði unnið KA í spennandi leikjum í Digranesi og á Akureyri. Stjarnan sigraði HK 3-2 í fyrri leik liðanna í Ásgarði. Seinni leikur liðanna fór fram í Digranesi á sumardaginn fyrsta við viðstöddum fjölda áhorfenda en Stjarnan vann þann leik 3-1 og hampaði Íslandsmeistaratitlinum í fjórða sinn á 5 árum.

Þróttur Reykjavík lék við Þrótt Nes um Íslandsmeistaratitilinn í blaki kvenna. Þróttur Reykjavík hafði lagt KA að velli í tveimur leikjum í undanúrslitum og Þróttur Nes hafði betur við HK í tveimur leikjum. Fyrri leikur Þróttar R. og Þróttar N. fór fram í Hagaskóla og endaði 3-2 fyrir heimaliðið. Síðari leikur liðanna fór fram í Neskaupstað síðasta vetrardag og vann Þróttur Reykjavík þann leik 3-0 og hampaði Íslandsmeistaratitlinum fjórða árið í röð.

Í 2. deild voru 23 lið skráð til leiks. Í karlaflokki voru 8 lið, 5 í suðurriðli og 3 í riðli fyrir austan. Hrunamenn unnu suðurriðilinn með 20 stig en Þróttur Reykjavík var í öðru með 19 stig. Höttur frá Egilsstöðum vann sinn riðil fyrir austan með 18 stig og Huginn var í öðru sæti með 11 stig. Þessi fjögur lið kepptu svo í kross um Íslandsmeistaratitilinn í 2. deild karla. Hrunamenn og Þróttur Reykjavík léku til úrslita eftir að liðin höfðu unnið leiki sína í undanúrslitum en lið Hrunamanna vann úrslitaleikinn 3-2 og hampaði Íslandsmeistaratitlinum í 2. deild í fyrsta sinn í sögu félagsins. Efstu liðin í riðlakeppni 2. deildar kvenna léku til úrslita í lítilli þriggja liða deild. Liðin sem sigruðu riðlana voru HK B, Þróttur R. C og Þróttur

Nes. HK B vann báða sína leiki og hömpuðu Íslandsmeistaratitlinum í annað sinn á þremur árum en Þróttur R. C var í öðru sæti eftir að hafa unnið Þrótt Nes 3-0.

Árs- og uppskeruhátíð BLÍ var haldin í sal Ferðafélags Íslands þann 31. mars 2007. Hátíðin tókst mjög vel en heiðursgestur var Siv Friðleifsdóttir, Heilbrigðisráðherra. Í upphafi hátíðarinnar sæmdi Jason Ívarsson formaður BLÍ þrjá karlmenn silfurmerki BLÍ fyrir að hafa leikið 50 landsleiki eða fleiri á sínum ferli. Vignir Hlöðversson hefur leikið 86 landsleiki fyrir Ísland, Emil Gunnarsson 66 og Ólafur Heimir Guðmundsson hefur leikið 50 leiki. Á hátíðinni voru útnefndir bestu og efnilegustu leikmenn 1. deildanna og kosning í lið ársins var kunnngjörð í karla og kvennaflokki. Stigahæstu leikmenn voru jafnframt verðlaunaðir og þjálfarar ársins ásamt dómara ársins.

Stigahæstu leikmenn í 1. deild karla

- Davíð Búi Halldórsson, KA skoraði 214 stig úr sókn og varð stigahæstur með 243 stig alls.
- Valur Guðjón Valsson, HK skoraði 48 stig úr hávörn.
- Wojtek Bachorski, Stjörnunni skoraði 34 stig úr uppgjöf.

Stigahæstu leikmenn í 1. deild kvenna

- Anna Pavliouk, Þrótti Reykjavík skoraði 135 stig úr sókn og varð stigahæst með 168 stig alls.
- Ingibjörg Gunnarsdóttir, HK skoraði 22 stig úr hávörn en 5 stúlkur áttu möguleika á titlinum á síðasta leikdegi deildarinnar.
- Zaharina Filipova, Þrótti Nes skoraði 28 stig úr uppgjöf og sigraði nokkuð örugglega.

Kosning í lið ársins

- Besti leikmaður í 1. deild karla: Wojtek Bachorski, Stjörnunni
- Efnilegasti leikmaður í 1. deild karla: Hilmar Sigurjónsson, KA
- Bestur í móttöku: Davíð Búi Halldórsson, KA
- Besti uppspilarinn: Filip Szewczyk, KA
- Besti frelsinginn: Magnús Haukur Ásgeirsson, ÍS

- Besti leikmaður í 1. deild kvenna: Anna Pavliouk, Þrótti Reykjavík
- Efnilegasti leikmaður í 1. deild kvenna: Erla Rán Eiríksdóttir, Þrótti Nes.
- Best í móttöku: Miglena Apostolova, Þrótti Nes.
- Besti uppspilarinn: Ljiljana Djuricic, Þrótti Reykjavík.
- Besti frelsinginn: Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, Þrótti Nes.

- Besti dómari leiktímabilsins var Stefán Jóhannesson

- Besti leikmaður 2. deildar karla var Jón Árnason, Þrótti Reykjavík
- Besti leikmaður 2. deildar kvenna var Natalia Ravva, Þrótti Reykjavík C.

Verðlaunin sem voru veitt á árs- og uppskeruhátíð BLÍ voru frá KLM verðlaunagripum. Stjórn BLÍ óskar verðlaunahöfum til hamingju með frábæran árangur í vetur.

Blakmaður og kona ársins 2006

Í samvinnu við ÍSÍ valdi stjórn BLÍ blakmann og konu ársins 2006. Blakmaður ársins 2006 var Róbert Karl Hlöðversson, leikmaður Stjörunnar í Garðabæ. Róbert átti góðu gengi að fagna á árinu en hann varð Íslands-, deildar- og bikarmeistari með lið Stjörunnar árið 2006.

Hann lék með landsliðinu á N. Írlandi og var einn besti leikmaður liðsins í keppninni. Róbert varð í öðru sæti í Íslandsmóti í strandblaki sumarið 2006.

Blakkona ársins 2006 var Fríða Sigurðardóttir. Fríða er fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins en liðið sigraði undanriðil sem haldinn var í Digranesi vorið 2006. Hún er lykilmanneskja í liði sínu SCAD University og vann til fjölda verðlauna á mótum með liðinu. Hún var m.a. valin í All American Team í Bandaríkjunum undir lok árs 2006 en þar komast þeir íþróttamenn sem hafa skarað fram úr í íþróttum og námi.

Fjölmiðlar og samskipti

Samskipti við fjölmiðla hefur verið ágætt á leiktíðinni. Þó hefur borið á því að fjölmiðlar fjalla of lítið um blak og stundum ekki neitt þegar umferðir í 1. deild eru. Í marsmánuði 2007 voru gerðar endurbætur á heimasíðu sambandsins sem gjörbylti samskiptum við fjölmiðla. Eftir það hefur umfjöllun batnað til muna í fjölmiðlum.

Í vetur voru tveir deildarleikir í 1. deild kvenna sýndir í sjónvarpinu og bikarúrslitaleikirnir í karla og kvennaflokki voru einnig sýndir. Öll umgjörð í kringum úrslitahelgina var til fyrirmyndar og frábært að fá að sýna landsmönnum í íslenskt blak í sjónvarpi.

Samskipti við félögin fara í gegnum heimasíðuna og tölvupóst. Það sem er mikilvægast af öllu er að þegar nýir aðilar taka við í blakdeildum um landið þarf að uppfæra þær upplýsingar í gagnagrunni ÍSÍ, Felix og láta framkvæmdastjóra BLÍ vita.

Erlend samskipti

Á starfsárinu voru erlend samskipti í góðum farvegi. Jason Ívarsson fór ásamt Júlíusi Hafstein á CEV þing í Luxembourg í október. Í tengslum við Evrópuþingið voru haldnir fundir NEVZA og SCD (smáþjóðir).

Heimsþing FIVB var haldið í Japan í lok nóvember 2006 og fóru Jason Ívarsson og Stefán Jóhannesson á þingið sem okkar fulltrúar. Óskar Hauksson gjaldkeri BLÍ óskaði ekki eftir því að halda áfram sem endurskoðandi FIVB en hann hefur verið það undanfarin ár. Í byrjun desember fór Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ á vinnufund NEVZA þjóðanna í London. Fundurinn var vel sóttur og tókst mjög vel en skýrsluna má finna í viðauka hér aftast.

Fimm landslið Íslands léku blak á erlendri grundu á starfsárinu. Karlalandsliðið lék í undankeppni EM smáþjóða á N. Írlandi í lok júní og endaði með jafnmörg stig og Færeyjar og Luxembourg en endaði í 3. sæti á lakara hrinuhlutfalli og komst því ekki áfram í lokakeppnina. U19 ára landslið kvenna fór til Íkast í Danmörku í lok ágúst og lék á Norðurlandamóti. Liðið tapaði öllum sínum leikjum og hafnaði í sjötta og neðsta sæti. U17 ára lið drengja og stúlkna fóru á Norðurlandamót í Falköping í Svíþjóð um miðjan september. Stúlknaliðið endaði í 3. sæti eftir sigurleik við Færeyjar og er það besti árangur liðsins til þessa. Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir var valin besti leikmaður mótsins en aldrei áður hefur íslenskur blakmaður hlotið slík verðlaun á þessum mótum. Drengjaliðið lék við Færeyjar um 5. sætið í mótinu og unnu þann leik nokkuð örugglega 3-0.

A-landslið kvenna hélt á boðsmót til Luxemborgar í janúar 2007. Í desember var nýr landsliðsþjálfari ráðinn sem hafði ekki mikinn tíma til að móta gott lið fyrir mótið en horfði til framtíðar með gott lið. Liðið tapaði öllum sínum leikjum 3-0 í mótinu en Luxemborg, Danmörk og Portúgal léku í mótinu auk Íslands.

Blaksamband Íslands gerði tímamótasamning við portúgalska blaksambandið í mars á þessu ári. Samningurinn hljóðar m.a. upp á fría æfingaraðstöðu fyrir landslið Íslands í Portúgal tvisvar sinnum á ári næstu þrjú árin.

Undirbúningur landsliðanna á þessu ári hefur gengið nokkuð vel. Bæði A-landslið karla og kvenna eru á æfingum um þessar mundi, kvennalandsliðið að undirbúa sig fyrir ferð til

Úrslitakeppni í 2. deild kvenna

Annarri deild kvenna lauk með úrslitakeppni sem fram fór í Reykjavík dagana 29. - 31. mars 2007. Efstu liðin úr riðlunum léku sín á milli en HK B vann báða sína leiki og var því Íslandsmeistari í 2. deild kvenna árið 2007. Besti leikmaður 2. deildar kvenna var valin Natalia Ravva með Þrótti Reykjavík C en hún fékk glæsilegan grip frá KLM.

Lokastaða 31. mars 2007.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur		Stigaskor		Nettó	Stig
1.	HK B	2	2	0	6	0	150	128	22	6
2.	Þróttur C	2	1	1	3	3	140	132	8	3
3.	Þróttur N	2	0	2	0	6	120	150	-30	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Brosbikarinn 2007

Keppni um Brosbikarinn 2007 fór fram í annað sinn á leiktíðinni. Sex lið skráðu sig til keppni í karlaflokki og fimm lið í kvennaflokki. HK og Stjarnan drógust saman í 2. umferð keppinnar í karlaflokki og KA lenti í útileik á móti Hrunamönnum. ÍS og Þróttur komust áfram í undanúrslit með því að sitja hjá.

KA sigraði Hrunamenn 3-2 í æsispennandi leik þann 18. febrúar og komst þar af leiðandi í undanúrslit keppinnar. Þann 3. mars mættust Stjarnan og HK í Digranesi og vann Stjarnan þá viðureign og komst í undanúrslit.

Þar sem aðeins fimm lið voru í kvennakeppninni var dregið fram í undanúrslit þar. UMFG/Reynir var fyrst upp úr pottinum þar sem það lið er utan deilda og fengu bikarmeistarana í Þrótti Reykjavík sem mótherja í 2. umferð. Leikurinn fór fram í Grundarfirði þann 2. mars í gríðarlegri stemmningu enda fullt hús áhorfenda. Þróttur Reykjavík lagði UMFG/Reyni 3-0 og komst áfram í undanúrslit.

Sú nýbreytni varð á í bikarkeppninni að undanúrslit og úrslit voru leikin um sömu helgi. Undanúrslitaleikirnir fóru fram í Laugardalshöll laugardaginn 17. mars og úrslitaleikirnir á sama stað sunnudaginn 18. mars. Þetta gerði okkur kleift að nýta blakdúk sambandsins vel á þessu starfsári en allir leikirnir höfðu mjög fína umgjörð.

Í undanúrslitum karla mættust Stjarnan og KA en Stjarnan vann þann leik 3-1. ÍS og Þróttur Reykjavík mættust í hinni viðureigninni og sigraði ÍS 3-1 og komst í úrslit gegn Stjörnunni.

Í undanúrslitum kvenna mættust svo HK og Þróttur Nes annars vegar og KA og Þróttur Reykjavík hins vegar. Leikur HK og Þróttar Nes var æsispennandi og endaði 3-2 fyrir Þrótti Nes. Þróttur Reykjavík fór létt með liðið að norðan að þessu sinni og vann leikinn 3-0. Það varð því ljóst að Þróttur Reykjavík og Þróttur Nes léku til úrslita.

Úrslitaleikirnir voru báðir sýndir í sjónvarpinu sunnudaginn 18. mars. Kvennaleikurinn var á undan og fór þannig að Þróttur Reykjavík vann 3-0 í nokkuð bragðdaufum leik og urðu Brosbikarmeistarar árið 2007. Karlaleikurinn var mjög svipaður, Stjarnan hafði betur gegn ÍS 3-0 og urðu Brosbikarmeistarar árið 2007.

Mótahaldið á tímabilinu gekk ágætlega að undanskyldum nokkrum hnökrum er varðar frestanir á leikjum. Samtals þurfti að fresta og færa um 8-10 leiki yfir tímabilið og tel ég það vera of mikið. Oft þarf að koma til móts við sjónvarpsútsendingar hjá okkur en það hefur jákvæðari hluti í för með sér en ella. Samt sem áður vil ég skora á öll félög í 1. og 2. deild að skoða vel drögin og koma með athugasemdir fyrir tilsettan tíma til þess að hægt sé að verða við óskum um breytingar strax. Á það við hvort sem það séu 7 mánuðir í leikinn eða einn mánuður því flestar beiðnir um frestanir á leikjum komu um eða eftir áramót – sem gengur að sjálfsögðu ekki upp.

Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ

Skýrsla strandblaksnefndar BLÍ

Haldið var af stað inni sumarið 2006 með það fyrir augum að halda 4 strandblakmót. Fyrsta mótið átti að halda í Fagralundi í Kópavogi þann 8. júlí, annað mótið á Þingeyri við Dýrafjörð þann 15. júlí, þriðja mótið átti að fara fram á Akureyri þann 29. júlí og svo það fjórða á strandblakvöllum Þróttar í Laugardal þann 20. ágúst.

Hugmyndin var að haldin yrðu þessi 4 mót og myndu leikmenn sem kepptu á mótunum vinna sér inn stig fyrir hvert mót, eftir því í hvaða sæti þeir lentu, en þetta fyrirkomulag er notað á flestum mótum erlendis. 8 efstu liðin í karla og kvennaflokki myndu svo vinna sér rétt til að keppa á lokamóti Blaksambandsins og væri það mót kallað Íslandsmót.

Sigurvegarar á Íslandsmótinu áttu að eiga þann heiður að vera fyrsta val sem landslið Íslands í strandblaki.

Mót 1

Þann 8. júlí 2006 var fyrsta stigamótið haldið í Fagralundi. Keppendur í karlaflokki voru 16 eða 8 lið en í kvennaflokki 10 keppendur eða 5 lið.

Þetta mót var fyrsta peningamótið sem haldið hefur verið. Þetta fór þannig fram að keppendur greiddu keppnisgjald sem var svo notað sem verðlaunafé og skiptist innkoman á milli fyrstu þriggja sætanna í karla og kvennaflokki. Einnig fengu fyrstu þrjú sætin medalíu.

Toyota styrkti mótið með því að útvega litla gjafavöru til allra leikmanna.

Sigurvegarar í karlaflokki voru Vignir Hlöðversson og Emil Gunnarsson, en í kvennaflokki urðu þær Fríða Sigurðardóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir sigurvegarar.

Mót 2

Þann 15. júlí átti að halda mót á Þingeyri, en vegna veðurs var því frestað um 2 vikur. Þetta varð til þess að mótið sem átti að vera á Akureyri þann 29. júlí féll niður og urðu norðanmenn ekki sáttir við það, að skiljanlegum ástæðum. Ekki hafði heldur verið rætt beint við norðanmenn í byrjun sumars uppá að finna hvaða dagsetning hentaði best fyrir mót þar, en tekur strandblaknefndin það alfarið á sig.

29. júlí 2006 var því mótið haldið á Þingeyri, annað stigamót BLÍ. Var þetta í fyrsta sinn sem mótið er haldið á Þingeyri.

Þeir sem kepptu á mótinu á Þingeyri voru allir sammála um það að hvergi á landinu væru betri vellir, og hvergi betri sandur til að spila í og fær völlurinn á Þingeyri og aðstandendur hans 5 stjórnur frá strandblaknefndinni.

Keppendur á þessu móti voru 8 í karlaflokki eða 4 lið og 6 í kvennaflokki eða 3 lið. Verðlaun voru medalíur fyrir 3 efstu sætin í hvorum flokki.

Sigurvegarar í karlaflokki urðu þeir Emil Gunnarsson og Eiríkur Eiríksson en í kvennaflokki þær Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir.

Mót 3

20. ágúst 2006 átti svo að halda Íslandsmótið á strandblakvöllum Þróttar í Laugardal en þar sem þeir vellir voru ekki tilbúnir var Íslandsmótið haldið á völlum HK í Fagralundi.

Keppendur á mótinu voru 12 í karlaflokki eða 6 lið og 10 í kvennaflokki eða 5 lið.

Þetta var lokamót sumarsins og jafnframt það veglegasta. Verðlaunin á þessu móti voru afar glæsileg og gefa í raun tóninn fyrir komandi mót, en verðlaunin voru eftirfarandi:

1. sæti bæði í karla- og kvennaflokki fékk gistingu fyrir 2 á Hótel Örk í Hveragerði ásamt kvöldverði, árskort í Sporthúsið, verðlaunapening og bikar til eignar
2. sæti bæði í karla- og kvennaflokki fékk 6 mánaða kort í Sporthúsið, bakpoka og hitabrusasett frá Olís og verðlaunapening
3. sæti bæði í karla- og kvennaflokki fékk 3 mánaða kort í Sporthúsið, íþróttatösku frá Toyota og verðlaunapening.

Toyota styrkti mótið með því að gefa alla verðlaunapeninga og bikara.

Íslandsmeistarar 2006 í karlaflokki urðu þeir Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson. Í öðru sæti urðu þeir Róbert Karl Hlöðversson og Karl Sigurðsson. Í því þriðja urðu síðan Emil Gunnarsson og Vignir Hlöðversson.

Íslandsmeistarar 2006 í kvennaflokki urðu þær Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir. Í öðru sæti urðu þær Karen Björg Gunnarsdóttir og Guðrún Ása Kristleifsdóttir. Í þriðja sæti urðu síðan þær Laufey Sigmundsdóttir og Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir.

Engin landsliðsverkefni voru fyrir strandblakfólkið okkar árið 2006, en nú þegar er búið að skrá 2 lið til keppni á Ólympíuleika smáþjóða í Monaco í byrjun júní 2007.

Það mál manna að strandblakið sé frábær viðbót við blakíþróttina, og miðað við fjöldann sem nýtti sér þá velli sem voru í boði árið 2006, þá er útséð að þetta sport er bara á uppleið.

Við sem tókum að okkur að sjá um mót sumarsins 2006 horfum björtum augum á framtíðina, vitandi þess að verið sé að setja upp velli víðsvegar um landið ásamt nokkrum nýjum nýjum völlum á höfuðborgarsvæðinu.

Við erum ákveðin í því að koma þessu sporti á hærra plan, með stærri umgjörð, fleiri mótum og veglegri verðlaunum en fram að þessu.

Fyrir hönd strandblaksnefndar BLÍ
Karl Sigurðsson

Þinggerð Öldungafings 2007

Öldungafing 2007 haldið í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 28. apríl kl. 20:30.

Vignir Hlöðversson „öldungur“ mótsins setti þingið og stakk upp á Sesselju Sigurðardóttur sem fundarstjóra og Eddu Arnbjörnsdóttur sem ritara og var það samþykkt.

Dagskrá:

1. Tillögur um breytingar á fyrirkomulagi öldungamóta.
2. Öldungur næsta móts
3. Önnur mál.

1. Engar tillögur bárust innan tilskilins tíma sem eru 30 dagar.

Tillaga um reglugerðarbreytingu barst til öldungs en var ekki send út til kynningar þar sem nánari útfærslu vantaði. Tillagan er frá Júlíusi Arnarssyni, íþróttakennara.

Geri það að tillögu minni að keppt verði í blaki í flokki 60 ára og eldri. Keppt verði á badmintonvelli, fjórir leikmenn verði inn á í einu og tveir skiptimenn. Heimilt er að hafa lið blandað körlum og konum.

Í greinargerð segir: *Til þess að gera þessum aldri kleift að taka þátt í öldungablaki áfram og vera virkir er nauðsynlegt að koma til móts við þennan aldursflokk. Reynslan sýnir að þegar menn eru komnir á þennan aldur verða þeir útundan í því keppnisfyrirkomulagi sem nú er við lýði. Snerpa og úthald fer minnkandi og hlutskipti þessa aldursflokks er því að sitja lengstum á bekknum. Legg til að þetta fyrirkomulag verði reynt á Öldungamótinu 2007.*

Þrátt fyrir að þessi tillaga hafi ekki verið löglega kynnt var hún tekin til umræðu.

Þingið samþykkti að höfundur útfærði tillöguna betur og sendi aftur til næsta mótshaldara að ári.

Einnig var bent á að næsta öldunganefnd gæti boðið upp á kynningu á þessu fyrirkomulagi á næsta öldungamóti.

2. Formlegar umsóknir um að fá að halda næsta öldungamót bárust frá þremur aðilum.

Höttur frá Egilsstöðum og Huginn frá Seyðisfirði sóttu sameiginlega um. Skellur frá Ísafirði sóttu um og Þróttur Neskaupstað.

Forsvarsmenn þessara félaga kynntu sitt mál.

Hera Ármannsdóttir formaður blakdeildar Hattar fylgdi þeirra tillögu eftir.

Harpa Grímsdóttir talaði fyrir hönd Skellanna og Vilhjálmur Pálsson fyrir hönd Þróttar í Neskaupstað.

Nokkrar fyrirspurnir bárust um fjölda valla, dagsetningar, barnablak, gistimál o.fl.

Fylkir Reykjavík endurnýjaði umsókn sína frá því í fyrra en vildi láta landsbyggðina ganga fyrir.

Þingið samþykkti að fela öldungaráði að taka ákvörðun um hvar næsta öldungamót verði haldið og að núverandi öldungur tilkynni það á lokahófinu.

3. Önnur mál.

- a) Spurt var hverjir væru í öldungaráði. Það eru öldungar síðustu þriggja móta.
- b) Fram kom að Akureyringar ætla að sækja um mótið 2010 – þeir vilja koma á þeirri hefð að þeir haldi það á fimm ára fresti.
- c) Rætt var um hvað fjölmiðlar sýna þessu fjölmenna móti lítinn áhuga. Hvað sé til ráða? Ýmsar tillögur komu fram s.s. að Blaksambandið ætti að sýna meiri metnað, að ekki væri aðgangseyrir að blakleikjum. Því var beint til næstu mótshaldara að hvetja fjölmiðla til að fjalla um mótið. Fram kom að ítrekað var haft samband við fjölmiðla vegna mótsins í ár.
- d) Hvatt var til öflugrar uppbyggingar á barna- og unglingastarfinu.
- f) Fram kom að til er gott kennslufni um krakkablað.

Mættir voru 42

Fundi slitið kl. 21:30

Edda Arinbjörnsdóttir, þingritari

Skýrsla dómaranefndar BLÍ

Starfsemi dómaranefndar var eins háttað og á síðasta keppnistímabili. Fyrst er athugað hvaða dómarar á vegum BLÍ eru reiðubúnir að gefa kost á sér í dómgæslu þetta tímabil og þeir láta vita hvaða daga þeir eru forfallaðir frá dómgæslu og hvað þeir eru reiðubúnir að dæma mikið. Formaður mótanefndar og framkvæmdastjóri raða síðan dómurum á leiki út frá þessum upplýsingum og niðurröðun gerð með samþykki formanns dómaranefndar þegar dómarar hafa staðfest sína leiki. Þetta er mun eðlilegra þar sem framkvæmdarstjóri veit um allar breytingar sem verða á leikjum og lætur þá dómarana í leiðinni vita af þeim breytingum eða kallar út nýja dómara á leiki ef dómarar forfallast. Dómaranefndi BLÍ þetta keppnistímabil var þannig skipuð að undirritaður, Jón Ólafur Valdimarsson, var formaður nefndarinnar og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdarstjóri BLÍ var starfsmaður og meðstjórnandi í nefndinni. Enginn formlegur fundur var haldinn hjá nefndinni og voru þetta einugis óformleg samskipti í formi tölvupósta, símtala og þegar viðkomandi aðilar hittust við ýmis tilefni.

Einn dómara- og ritarafundur var haldinn 27. september 2006 á vegum nefndarinnar og stýrði formaður nefndarinnar honum. Góð mæting var á fundinn og mættu langflestir lands- og héraðsdómarar á höfuðborgarsvæðinu á hann. Þetta var nokkurs konar samráðsfundur milli dómara þar sem farið var yfir ákveðin túlkunaratriði varðandi leikreglur, ritun leiksýrslu og dómgæslu og öllum gefið tækifæri á að koma með fyrirspurnir varðandi þau atriði sem þeim fannst óljós varðandi dómgæslu og málum tengd starfsemi dómara á vegum BLÍ. Á fundinum var dómurum einnig kynnt nýtt greiðslufyrirkomulag fyrir dómgæsluna en hún felst í því að nú sér BLÍ um að borga dómurunum í tvennu lagi yfir tímabilið fyrir þá leiki sem þeir dæma í 1. og 2. deild. Áður greiddu heimalið hverjum dómara fyrir sig fyrir hvern leik sem þýddi oft meiri fyrirhöfn fyrir dómara að fá greiðsluna fyrir dómgæsluna sem og liðin sjálf um að greiða dómgæsluna. En nú greiða liðin dómgæslugjaldið sérstaklega til BLÍ sem síðan greiðir dómurum eftir fjölda leikja sem þeir hafa dæmt á tímabilinu, fyrri hlutann í desember og seinni hlutann í apríl. Greiðsla fyrir dómgæslu í bikarkeppninni og í úrslitakeppninni var með gamla fyrirkomulaginu sökum þess að þar er óvissa hve marga leiki lið mun spila í keppninni. Þetta nýja fyrirkomulag virtist koma vel út og hefur dómaranefndin ekki fengið neinar

óánægjuþrengir varðandi það. Helsta óánægjan hjá dómurum er kannski að greiðsluupphæðin fyrir dómgæslu sé í lægri kantinum og þá sérstaklega ef miðað er við aðrar boltagreinar. En búast má við að tíminn sem fari í dómgæslu á leik sé 2 til 3 klst og er þetta kvöld- og helgertími. Spurning hvort það þurfi ekki að endurskoða þessa greiðslu fyrir næsta tímabil og að hún sé í samræmi við aðrar boltagreinar og þann tíma sem dómara leggja á sig. Stefnt er að samskonar dómara- og ritarafundi næskomandi haust fyrir næsta keppnistímabil.

Engin dómaraámskeið voru haldin á vegum nefndarinnar þetta tímabil. Ástæðan var helst að tímabilið áður voru haldin 2 dómaraámskeið og nokkuð af nýjum dómurum eru komnir til starfa og því nóg eins og er af dómurum á höfuðborgarsvæðinu. Aftur á móti þurfti yfirleitt að senda dómara í 1. deildarleiki, bæði á Akureyri og í Neskaupstað sem og á suðurlandið, Hveragerði og Flúðir, þar sem eldri landsdómara þar hafa hætt störfum og hinir nýju héraðsdómara þar eru enn ekki tilbúnir í að dæma þá leiki. Þetta hefur í för með sér aukinn ferðakostnað fyrir BLÍ að senda dómara milli landshluta og var þessum aukna kostnaði mætt með hækkun á mótsgjöldum. Aftur á móti er fyrirhugað að halda dómaraámskeið í júní næstkomandi fyrir úrtakshóp unglingalandsliða karla og kvenna í blaki. Hugsunin þar á baki er að koma þeim almennilega inn í leikreglur blaksins sem og að þau geti dæmt á yngriflokka- og öðrum hraðmótum í framtíðinni. Svo er aldrei að vita að einhver af þessum krökkum muni leggja dómgæsluna fyrir sig en það er mun algengara erlendis að dómara einbeiti sér nær einugis að dómgæslunni en séu ekki einnig leikmenn í deildinni á sama tíma og þeir dæma í sömu deild. En hér er það smæð þjóðarinnar og íþróttarinnar sem veldur því. Dómara nefndin mun síðan skoða dómaraámskeiðsþörfina í haust þegar næsta tímabil hefst í blakinu.

Þrír nýir landsdómara voru áberandi í dómgæslunni þetta tímabil. Stefán Jóhannesson tók upp dómaraflautuna aftur og stóð sig með mikilli þrýði. Hann stóð sig það vel að leikmenn í 1. deild völdu hann besta dómara þetta tímabilið. Einnig fékk sonur hans Jóhannes Stefánsson landsdómara réttindi og dæmi nokkra leiki í 1. deild og bikarkeppni. Einnig endurnýjaði Karl Sigurðsson landsdómara réttindi sín og dæmdi þónokkra leiki í 1. deild og bikarkeppni. Alltaf ánægjulegt að fá nýja og góða dómara inn í deildina.

Alls þurfti að raða niður dómurum á um 200 leiki sem voru á vegum BLÍ og gekk það yfirleitt ágætlega fyrir sig þó svo að nokkuð væri um að upphaflegir dómara á leikjum forfölluðust en það fundust ávallt dómara í staðinn með mismikilli fyrirhöfn þó sem gerði það að verkum að sumir dómara voru virkari í dómgæslunni en aðrir. Sumir dómara voru þó búnir að gefa það út að þeir gætu eitthvað takmarkað dæmt þennan vetur vegna ýmissa ástæðna. Að vísu kom upp einstaka tilvik þar sem annar dómari mætti ekki til að dæma leik eða mætti seint í deildarkeppnunum en þá hafði komið upp misskilningur í boðun forfalla og/eða boðun á leiktíma. Dómara nefndinni þykir ávallt miður að svona atvik komi upp á og vona svo sannarlega að þau verði sem fæst í framtíðinni en þetta er ávallt hættan þegar mikið er af leikjum í gangi yfir tímabilið og um forföll verða eða leiktímum á leikjum er skyndilega breytt. Til þess að dæma þessa 200 blakleiki í öllum landshlutum hafði dómara nefnd BLÍ aðgang að 15 héraðsdómurum og 14 landsdómurum (sjá nöfn og fjölda dæmdra leikja aftast í skýrslunni). Sumir af okkar dómurum eru enn að spila svo erfitt getur að manna störf dómara þegar margir leikir eru í gangi. Einnig sökum þessa að margir dómara eru leikmenn, þjálfarar eða stjórnarmenn tiltekinnar liða að þá getur oft verið erfitt að finna hæfa dómara sem teljast með öllu hlutlausir í tiltekna leiki eftir aðstæðum en það er trú nefndarinnar BLÍ að allir dómara dæma eins og á að dæma eftir reglum blaksins óháð því hvort þeir tengjast viðkomandi liðum eða ekki.

Alþjóðablaðdómari Leifur Harðarsson var skipaður blaðdómari af Evrópublaðsambandinu CEV í undankeppni Evrópumóts smáþjóða karla í riðli Íslands sem fram fór um mánaðarmótin júní/júlí 2006 á N. Írlandi. Auk þess að hann dæmdi í Evrópukeppni félagsliða í desember á vegum CEV í Engholm í Svíþjóð og í Belgíu í janúar á þessu ári. Ekki er komið enn á hreint með næstu alþjóðlegu dómaverkefni hans á erlendri grundu. Undirritaður Jón Ólafur Valdimarsson alþjóðadómarakandidat dæmdi ekkert á erlendri grundu á þessu tímabili en hefur nú verið skipaður af CEV sem blaðdómari í úrslitakeppni Evrópumóts smáþjóða kvenna sem fram fer í Glasgow 11. – 13. maí næstkomandi. Hann mun einnig vera í blaðdómgæslu á smáþjóðaleikunum í Mónakó 3. – 9. júní næstkomandi.

Að lokum vil ég hvetja leikmenn allra deilda, þjálfara og aðra forsvarsmenn liða að renna reglulega yfir leikreglurnar í blaki svo menn hafi sem bestan skilning á þeim þegar keppt er og séu því vel meðvitaðir um ákvarðanir dómarsins hverju sinni. Það sama á við um dómara að halda sér ávallt við efnið og rifja reglulega upp leikreglurnar sem og að fylgjast vel með þeim breytingum á leikreglum sem geta hafa orðið á hverju tímabili. Ég vil líka áminna leikmenn, þjálfara og aðra forsvarsmenn liða að sýna dómurum og starfi þeirra ávalt þá virðingu sem krafist er í leikreglunum og hafa skilning á því að þeir eru mannlegir eins og aðrir og geta verið misvel upplagðir eftir aðstæðum. Að öllu jöfnu hafa samskipti milli leikmanna og dómara verið í fínu lagi, fyrir utan einstaka smávægileg atvik. En engar alvarlegar formlegar athugasemdir bárust nefndinni er tengjast óánægju varðandi dómgæslu í vetur og enginn dómari kvartaði formlega út af framkomu leikmanna eða liða í sinn garð. Það er von dómaranefndar að gæði blaks og blaðdómgæslu muni ávallt aukast á komandi árum og er það markmið nefndarinnar að stuðla að góðri dómgæslu og umgjörð kringum hana á mótum BLÍ. Einnig vil ég í leiðinni að minna félög á að þau eiga að tilnefna 2 dómara sem dæma fyrir þeirra hönd fyrir hvert keppnistímabil.

Læt þetta nægja í bili og vil ég fyrir hönd dómaranefndar BLÍ færa öllum þeim sem dæmdu í okkar nafni í vetur bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Virðingarfyllt,

Jón Ólafur Valdimarsson

Formaður dómaranefndar BLÍ keppnistímabilið 2006 – 2007

Skýrsla unglíngalandsliðsnefndar BLÍ

Ný nefnd var sett á laggirnar vegna aukinna verkefna fyrir unglíngalandslið BLÍ síðastliðið sumar. Stjórn BLÍ fékk Ástu Sigrúnu Gylfadóttur til þess að stýra nefndinni og fékk hún til liðs við sig þær Auði Hauksdóttur og Vilborgu Lilju Stefánsdóttur í nefndina. Auk þeirra er Jón Ólafur Valdimarsson í nefndinni fyrir stjórn og Sigurður Arnar Ólafsson, formaður yngriflokkanefndar.

Nefndin tók til starfa sumarið 2006 og var hlutverk hennar að sjá um unglíngalandsliðin. Ákveðið var að senda U19 lið stúlkna á Norðurlandamótið 31. ágúst – 2. september en það var haldið í Ikast í Danmörku. Fyrir það var búið að ákveða að bæði stúlkur og drengir í U17 ára liðunum myndi fara til Falköping í Svíþjóð 15. – 17. september.

Undirbúningur

Í febrúar á síðasta ári voru haldnar hæfileikabúðir fyrir unglínga á aldrinum 13-17 ára. Búðunum stjórnðu Konstantín Shved og Sigurður Arnar Ólafsson en krakkarnir voru prófuð og mæld til árangurs. Úr þessum búðum var svo valinn 12 manna hópur drengja og 14 stúlkur

sem áttu að æfa um sumarið og enda á því að fara með unglíngalandsliðinu á Norðurlandamót. Konstantin Shved flutti af landi brott í júní og hætti því þjálfun U17 liðs drengja en í staðinn var Todor Marinov ráðinn. Þjálfari U17 stúlkna og U19 stúlkna var ráðinn Magnús Aðalsteinsson.

Fjórar æfingahelgar voru haldnar frá byrjun júní þangað til að móti kom og gengu þær allar mjög vel.

Kostnaður við ferðir unglíngalandsliðanna er vel á aðra milljón og þarf mikið verk að vinna til að krakkarnir borgi sem minnst sjálf úr eigin vasa. Fjáröflun fyrir þessar ferðir var í höndum krakkanna og fóru þau í fyrirtæki og stofnanir og sóttu um styrki fyrir verkefnunum. Þeim gekk þó misvel að safna styrkjum og landsbyggðarfólkinu mun betur en þeim á höfuðborgarsvæðinu. Gert var ráð fyrir að hver þátttakandi í verkefnunum safnaði um 80.000 kr. Í styrkjum en því miður náðu fæstir því af höfuðborgarsvæðinu. Var því ákveðið að þau sem náðu ekki að safna svo miklu myndu gera eitthvað í málunum þegar liði á veturinn, t.d. með dómgæslu eða annarri fjáröflun fyrir sambandið.

Ferðirnar

Unglíngalandslið stúlkna U19 ára fór til Íkast í Danmörku og lék þar fjóra leiki. Liðið tapaði öllum leikjunum og lenti í sjötta og neðsta sæti. Úrslit má sjá í viðauka aftast í skýrslunni.

Leikmannalisti U 19 ára liðsins í Íkast í Danmörku

Kristín Salín Þórhallsdóttir, Þróttir N.

Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Þróttir N.

Erla Rán Eiríksdóttir, Þrótti N.

Freydís Hjörvarsdóttir, Þrótti N.

Una Margrét Heimisdóttir, KA

Theódóra Th. Þórarinsdóttir, HK

Sæunn Skúladóttir, Þrótti N.

Kolbrún Jónsdóttir, KA

Elfa Björk Kristjánsdóttir, KA

Erla Guðbjörg Leifsdóttir, Þrótti N.

Sædís Alda Karlsdóttir, UMFG

Þjálfari var Magnús Aðalsteinsson

Fararstjóri var Ásta Sigrún Gylfadóttir

U 17 ára landsliðin héldu til Falköping í Svíþjóð. Samtals fóru 29 manns í ferðina, 12 stúlkur, 13 drengir, 2 fararstjórar og 2 þjálfarar. Væntingar til stúlknaliðsins voru meiri en úti í Danmörku þar sem liðið hafði endað naumlega í fjórða sæti síðast. Gekk það eftir og unnu stúlkurnar leikinn við Færeyjar um þriðja sætið í keppinni. Það er besti árangur sem íslenskt blaklandslið hefur unnið í þessum aldursflokki. Var það svo á endanum að Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir var valin besti leikmaður mótsins (MVP) í Falköping en það er í fyrsta skipti sem íslenskur blakmaður hlýtur slíka viðurkenningu í þessum aldursflokki.

Leikmannalisti U17 ára stúlkna

Kristín Salín Þórhallsdóttir, Þróttir N.

Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Þróttir N.

Erla Rán Eiríksdóttir, Þrótti N.

Freydís Hjörvarsdóttir, Þrótti N.

Una Margrét Heimisdóttir, KA

Theódóra Th. Þórarinsdóttir, HK

Sæunn Skúladóttir, Þrótti N.
María Gunnarsdóttir, HK
Elfa Björk Kristjánsdóttir, KA
Erla Guðbjörg Leifsdóttir, Þrótti N.
Velina Apostolova, HK
